

Mál nr. 224/2007

M og

Vátryggingafélagið V h.f. v ábyrgðartryggingar F

Mótorhjóli ekið á band sem strengt var yfir vegarslóða þ. 2.9.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.11.2007.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr.836/07
3. Lögregluskýrsla dags. 21.9., 24., og 27.10.2007
4. Bréf Lex lögmennsstofu dags. 5.6. og 18.10.2007.
5. Bréf V dags.28.9.,7.11. og 17.12.2007

Málsatvik.

M gisti í skála F í Landmannalaugum en þegar hann var að aka á mótorhjóli sínu í burt eftir vegaslóða sem liggur frá skálanum þá ók hann á sem var strengt þvert yfir veginn. M segir að engine viðvörun hafi verið á bandinu og hafi það verið grátt á lit og samlitt umhverfinu. M segist ekki hafa tekið eftir bandinu þar sem hann hafi verið að horfa til hliðar. M segir að þegar hann kom kvöldið áður þá hafi ekkert band verið þarna. Skálavörður í Landmannalaugum segir að bandið hafi verið strength strax um morguninn og sé það gert til að hindra umferð um svæðið engine veifa sé á bandinu en nokkru áður en komið sé að því sé skilti sem banni allan akstur um svæðið. Skálavörðurinn segir að þegar M og sá sem með honum var hefðu komið hefðu þeir tilkynnt henni um að bandið væri niðri og spurt hvort þeir mættu ekki vera með hjólin við skálann og þeir hefðu sagt að það væri árlegur viðburður hjá þeim að koma í Landmannalaugar.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu F hjá V og bendir á að engin viðvörun hafi verið á bandinu og lögmáður hans heldur því fram að hann hafi horft beint fram fyrir sig í umrætt sinn en M hafi séð bandið liggja niðri þegar hann kom kvöldið áður. Hins vegar hafi það verið vítavert gáleysi að setja bandið upp að morgni samlitt umhverfinu. Þá er á það bent að M hafi verið þarna á ferð mörg undanfarin ár og í engu tilviki hafi umrætt band verið strekt. V. hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi ekki tekið eftir bandinu þar sem hann hafi verið að horfa til hliðar. V vísar til þess að tjon M verði ekki rakið til saknæmra aðstæðna eða háttsemi starfsmanna vátryggingartaka.

Álit.

Ekki verður fram hjá því litið að M vissi af því að umrætt band var á þeim stað sem um ræðir og vissi þegar hann kom að það lá niðri. Þá segir M í lögregluskýrslu að hann hafi horft til hliðar í umrætt sinn og ekki séð bandið. Þegar af þeirri ástæðu er ekki hægt að fallast á að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík 15.1. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.